

Fimmtudaginn 12. febrúar 1998.

Nr. 458/1997.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Bjarna Pétri Magnússyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Fjárdráttur. Umboðssvik. Staðgreiðsla opinberra gjalda. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1997 einvörðungu til endurskoðunar refsingar og krefst þess, að hún verði þyngd.

Ákærði krefst þess, að hann hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa.

I.

Fyrir Hæstarétt voru lögð nokkur ný gögn, meðal annars upplýsingar um, að bú ákærða hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 29. desember 1997.

Meðal nýrra skjala eru upplýsingar frá lögmanni Reykhólahrepps þess efnis, að skuld ákærða við hreppinn 31. desember 1997 hafi verið rúmlega 10 milljón krónur að meðtöldum dráttarvöxtum. Ljóst er af viðskiptareikningi ákærða hjá Reykhólahreppi og öðrum málsögnum, að í fjárhæð þessari felast ýmsir skuldaliðir, sem eru óviðkomandi brotum þeim, sem mál þetta varðar. Reykhólahreppur hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu í málinu.

Enn fremur var lagt fyrir Hæstarétt ljósrit af fundargerð Byggðastofnunar 10. júní 1997, þar sem fram kemur, að stofnunin ákvað að verða við beiðni Reykhólahrepps um að leysa eignarhluta hans í jörðinni Reykhólum úr veðböndum þeim, sem ákærði stofnaði til 13. júlí 1992 og I. kafla ákæru lýtur að. Jafnframt segir í fundargerðinni, að veðtrygging fyrir láni þessu yrði áfram í fasteignum lántakandans, Breiðfirðings hf., en þau veð væru haldlítil.

II.

Í B-lið II. kafla ákæru er ákærða gefið að sök „að hafa sem sveitarstjóri Reykhólahrepps dregið sér lífeyrissjóðsiðgjald af launum sínum og eiginkonu ...“ nánar tiltekinnar fjárhæðar. Í þessum lið segir einnig, að ákærði hafi „jafnframt bakað Reykhólahreppi ábyrgð á iðgjöldunum með því að eignfæra ... áður bókfærða iðgjaldaskuld hreppsins við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda á viðskiptareikning sinn hjá hreppnum til lækunar eigin viðskiptaskuld og um leið til uppgjörs á bókfærðri skuld hreppsins við lífeyrissjóðinn“.

Hér kemur ekki glöggst fram, hvort átt sé við fjárdrátt í þágu ákærða sjálfs eða hreppsins. Ákæruliðurinn er einnig að öðru leyti óskýr. Verður honum því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

III.

Samkvæmt því, sem áður greinir, varð Reykhólahreppur ekki fyrir tjóni vegna þess brots ákærða, sem I. kafla ákæru tekur til og ákærði var sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Byggðastofnun hefur á hinn bóginn ekki fengið fullnustu af skuldinni, og telur stofnunin, sem fyrr segir, litlar líkur til þess, að svo verði.

Ákærði var í héraði sakfelldur fyrir að draga sér andvirði tveggja skuldabréfalána Byggingarsjóðs verkamanna til Reykhólahrepps, samtals að höfuðstólsfjárhæð 5.758.155 krónur, sbr. II. kafla A í ákæru. Greiddi Reykhólahreppur veðskuldir þessar ásamt vöxtum og verðbótum á árunum 1995 til 1997 með alls 6.812.836 krónum. Samkvæmt fram lögðum gögnum um viðskiptareikning ákærða hjá hreppnum greiddi ákærði inn á skuld sína samtals 6.220.000 krónur árið 1995. Fallast má á með ákærða, að greiðslur þessar megi skoða sem innborgun á skuld vegna þessa fjárdráttar, hvað sem líður stöðu reikningsins að öðru leyti vegna óskyldra viðskipta.

Í héraðsdómi var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn nánar tilteknu ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda vegna fjárhæða, sem hann hélt ekki eftir af launum sínum hjá Reykhólahreppi, en þær námu alls 618.630 krónum, sbr. A-lið III. kafla ákæru. Ákærði hefur ekki greitt fé þetta, og ber hreppurinn sem launagreiðandi ábyrgð á greiðslu gagnvart innheimtumanni. Ekki mun hafa reynt á þá ábyrgð enn sem komið er.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til óbætts tjóns, sem ákærði hefur valdið öðrum með brotum sínum samkvæmt áður sögðu, og annarra atriða, er getur í 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig verður samkvæmt 77. gr. hegningarlaga litið til þess, að ákærði framdi fleiri brot en eitt. Loks ber að auka refsingu ákærða eftir 138. gr. hegningarlaga, en hann framdi öll brot sín í opinberu starfi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði, en ekki verður fallist á með héraðsdómi, að unnt sé að skilorðsbinda refsinguna.

Fyrir Hæstarétti hefur ákærvaldið ekki krafist endurskoðunar á ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Verður hún því staðfest. Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá héraðsdómi, að því er varðar II. kafla B í ákæru.

Ákærði, Bjarni Pétur Magnússon, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skip-aðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1997.

Ár 1997, mánudaginn 15. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykja-víkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 412/1997: Ákærvaldið gegn Bjarna Péttri Magnússyni, sem tekið var til dóms 5. september sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. maí sl., á hend-ur ákærða, Bjarna Péttri Magnússyni, Neðstaleiti 9, Reykjavík, fæddum 22. mars 1948, fæðingarnúmer 776, „fyrir umboðssvik, fjárdrátt og brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, framin í opinberu starfi.

I.

Umboðssvik í opinberu starfi.

Ákærða er gefið að sök að hafa 13. júlí 1992 sem sveitarstjóri Reykhólahrepps, en án heimildar hreppsnefndar, veðsett með undirritun veðbréfs fyrir hönd Reykhólahrepps fasteign hreppsins, Tilraunastöðina á Reykhólum, 165 ha, úr landareign Reykhóla, til tryggingar láni, að fjárhæð 2.000.000 kr., sem Breiðfirðingur hf., félag undir stjórn og í eigu ákærða og fleiri, tók hjá Byggðastofnun. Barst veðbréfið til þinglýsingar 14. júlí 1992 sem skjal nr. 545/92 og innfært í þinglýsingabók sama dag.

Telst þetta varða við 249. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940.

II.

Fjárdráttur í opinberu starfi.

A. Ákærða er gefið að sök að hafa sem sveitarstjóri Reykhólahrepps dregið sér 22. desember 1993 5.758.155 kr. af fjármunum Reykhólahrepps með því að taka til eigin nota andvirði tveggja lána Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarsjóðs skv. veðskuldabréfum, sem ákærði gaf út til lánveitanda 8. desember 1993 í nafni hreppsins. Fjárhæðir skuldabréfanna voru annars vegar 4.478.565 kr. og hins vegar 1.279.590 kr., og voru bæði bréfin tryggt með 1. veðrétti í fasteign Reykhólahrepps, íbúð á efri hæð í suðvesturenda Hellisbrautar 57, Reykhólahreppi. Bréfin gaf ákærði út án heimildar eða vitundar hreppsnefndar og leyndi fjártökunni m. a. með því að vanrækja skráningu skuldarinnar í bókhaldi sveitarsjóðs. Andvirði lánanna ráðstafaði ákærði þannig:

1.408.155 kr. lagði ákærði 22. desember 1993 inn á tékkareikning Reykhólahrepps, en bókfærði jafnframt á viðskiptareikning sinn hjá hreppnum sem framlag sitt til lækkunar viðskiptaskuldar sinnar.

4.000.000 kr. greiddi ákærði ríkissjóði 23. desember 1993 inn á skuld við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem Breiðfirðingur hf., félag í eigu og undir stjórn ákærða og fleiri manna, hafði tekið á sig við kaup á Álftalandi, hluta úr fasteigninni Tilraunastöðinni á Reykhólum, 165 ha, úr landareign Reykhóla, af Reykhólahreppi árið 1992.

350.000 kr. hagnýtti ákærði sér á annan hátt, en af þeirri fjárhæð lagði hann 250.000 kr. inn á eigin tékkareikning 22. desember 1993.

B. Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa sem sveitarstjóri Reykhólahrepps dregið sér lífeyrissjóðsiðgjald af launum sínum og eiginkonu, Steingerðar Hilmarsdóttur, að fjárhæð 1.020.506 kr., vegna árána 1991–1994 og þá jafnframt bakað Reykhólahreppi ábyrgð á iðgjöldunum með því að eignfæra 31. desember 1994 áður bókfærða iðgjaldaskuld hreppsins við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda á viðskiptareikning sinn hjá hreppnum til

lækkunar á eigin viðskiptaskuld og um leið til uppgjörs á bókfærðri skuld hreppsins við lífeyrissjóðinn. Bar ákærða að standa lífeyrissjóðnum skil á iðgjöldunum skv. lögum nr. 55/1980 og nr. 95/1980 með áorðnum breytingum. Iðgjöldin, sem ákærði fór þannig með, tóku til 6% framlags vinnuveitanda árið 1991, en til beggja hluta iðgjaldanna, 4% hluta launþega og 6% hluta vinnuveitanda, árin 1992–1994 og sundurliðast svo eftir árum og launþegum:

	Ákærði	Eiginkona	Samtals
	Krónur	Krónur	Krónur
1991	32.676	43.200	75.876
1992	128.065	76.000	204.065
1993	220.090	105.025	325.115
1994	301.500	113.950	415.450
Samtals	682.331	338.175	1.020.506

Telst þetta varða við 247. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga.

III.

Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og fjáðráttur í opinberu starfi.

A. Ákærða er gefið að sök sem sveitarstjóra Reykhólahrepps að hafa ekki haldið eftir af launum sínum hjá hreppnum fyrir tímabilið júlí til desember 1994 staðgreiðslu opinberra gjalda, 103.105 kr. á mánuði, samtals 618.630 kr., og að hafa hvorki staðið innheimtumanni ríkissjóðs lögboðin skil á þeim gjöldum né skilagreinum um þau.

B. Þá er ákærða jafnframt gefið að sök að hafa í starfi sem sveitarstjóri Reykhólahrepps dregið sér hin skilaskyldu opinberu gjöld, 618.630 kr., skv. ákærulið III A með því að eignfæra 31. desember 1994 á viðskiptareikning sinn hjá hreppnum heildarlaun sín, 1.821.932 kr., á framangreindu tímabili og hagnýta sér þar með hin opinberu gjöld til lækkunar á eigin viðskiptaskuld, en þá jafnframt hafa bakað hreppnum ábyrgð á gjöldunum.

Telst háttsemi ákærða í ákærulið III A varða við 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995, sjá áður 1. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940, en í ákærulið III B við 247. gr. laga nr. 19/1940, sbr. og 138. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Með starfssamningi ákærða og Reykhólahrepps 10. ágúst 1990 gerðist ákærði sveitarstjóri hreppsins. Auk þess, að kveðið væri á um laun ákærða

og íbúðarhúsnæði, var þar sérákvæði um það, að honum væri heimilt að fela Steingerði Hilmarsdóttur, eiginkonu sinni, bókhalds- og reikningsfærslur fyrir hreppinn, og skyldu laun hennar vera innifalin í launum ákærða og fælu „ekki í sér kostnaðarauka umfram“ þau. Annað sérákvæði var þar um, að ákærði tæki að sér skyldur launagreiðanda vegna starfsins, að því er varðaði opinber og önnur lögbundin gjöld. Um áramótin næstu var gerður nýr samningur við ákærða, og féllu þá þessi óvenjulegu ákvæði niður að sögn hans. Skyldu laun hans vera 300.000 krónur á mánuði, og greiða skyldi fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók. Var starfstími hans miðaður við kjörtímabil hreppsnefndar. Ákærði lét af störfum 18. nóvember 1995. Fyrir liggur, að einkafjárreiður ákærða blönduðust með ýmsu móti saman við fjárreiður Reykhólahrepps, eins og reifað er hér á eftir í samhengi við einstök ákæruatriði. Ákærði stofnaði á Reykhólum ásamt eiginkonu sinni og börnum hlutafélagið Breiðfirðing 28. desember 1991. Skyldi félag þetta starfrækja ferðaþjónustu, sumarbúðir, heilsurækt og fleira, sem greinir í 2. gr. stofnsamningsins. Gerðist ákærði formaður félags þessa og framkvæmdastjóri.

I. kafli ákæru.

Ákærði kannast við að hafa veðsett Reykhólajörðina án samþykkis hreppsnefndar og því gerst sekur um umboðssvik þau í opinberu starfi, sem greinir í þessum kafla ákæru. Hann segir annars um þetta, að hreppurinn hafi setið uppi með íbúðarhúsnæði, sem fylgir Reykhólajörð, og hafi hann þá, þ. e. a. s. Breiðfirðingur hf., keypt húsnæðið af hreppnum og leyst þannig um leið húsnæðisvanda í sveitinni. Ástæða þess, að hann veðsetti jörðina í heild, hafi verið sú, að ekki var hægt að gefa honum afsal eða heimildarbréf fyrir húsunum sérstaklega, eins og eignin var skráð í veðmálabókum. Segir ákærði, að sveitarstjórn hefði verið kunnugt um, að ákærði þyrfti slíkar lántökur til þess að fjármagna húsakaupin. Segir hann nú búið að aflýsa skuldabréfinu. Ákærði hefur með heimildarlausri veðsetningu sinni á jörðinni orðið sekur um brot gegn 249. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. kafli A í ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um fjárdrátt í opinberu starfi, eins og lýst er í þessum kafla ákæru. Hann hefur annars sagt um þetta sakarefni, að ástæðan til, að andvirði skuldabréfanna rann til þess að greiða upp skuld við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sé sú, að hreppurinn hafi þurft að gefa ákærða afsal fyrir eignarhlutanum Álftalandi og Álfheimum, en ekki getað, þar sem Reykhólajörð hefði verið óskipt í veðmálabókum. Hreppurinn hafi jafnframt orðið að standa í skilum við RALA vegna

heildarkaupverðs fyrir jörðinni. Til þess að fá afsal fyrir henni hafi þurft að greiða upp skuldina þar eða gefa út skuldaviðurkenningu. Ákærði kveðst hafa látið andvirði bréfanna til að greiða upp í þessa skuld og flýtt þannig fyrir því, að afsal fengist fyrir Reykhólajörð. Þegar það afsal væri fengið, gæti hreppurinn skipt upp eigninni og gefið ákærða afsal fyrir sínum hluta. Ákærði leggur áherslu á það, að oddviti hreppsins hafi skrifað undir lán-tökuheimildina, enda hefðu lánin ekki fengist öðruvísi. Þá hafi afrit af heimildinni verið sent endurskoðanda. Hann kannaðist við, að lánin hefðu ekki verið tilgreind í bókhaldi hreppsins. Ákærði kveður rétt vera, að hann hafi ráðstafað fé því, sem fékkst fyrir skuldabréfin, með þeim hætti, sem greinir í II. kafla A. Hann hafi þegar gefið skýringu á þeim fjórum milljónum, sem fóru til RALA, og það hafi ekki verið í eigin þágu. Þá hafi aðrar greiðslur farið til lækkunar á skuld hreppsins við ákærða sjálfan, að mestu leyti vegna ógreidds aksturskostnaðar. Því verði vart talað um fjárdrátt í þessu tilviki. Ákærði leggur áherslu á, að hreppurinn sé skaðlaus af skiptunum við sig, enda hafi hann innt af hendi greiðslur, bæði í formi húsbrefa og annarra fjármuna. Þá segir hann, að húsin hafi verið í mjög slæmu ástandi og allur viðhaldskostnaður lent á sér. Ákærði segir, að kostnaðurinn, sem leiddi af vanskilunum við RALA, hafi ekki átt að falla á sig, enda hefði hreppsnefndin verið samþykk áætlun ákærða um fjármögnun þessara kaupa.

Ákærði tók undir sig og ráðstafaði andvirði lánsfjár sveitarsjóðs, ýmist í þágu sín sjálfs eða Breiðfirðings hf., eins og rakið er í ákæru. Þá var skuldin ekki skráð í bókhaldi hreppsins. Með þessu varð ákærði sekur um fjárdrátt, og skiptir ekki máli, í hvaða skyni þessar ráðstafanir voru gerðar. Hefur hann því gerst sekur um brot gegn 247. gr. almennra hegningarlaga.

II. kafla B í ákæru.

Ákærði leggur áherslu á, að hann hafi verið verktaki samkvæmt upprunalegum samningi við hreppinn þar til eftir kosningar 1994. Þannig hafi eiginkona sín unnið hjá sér við störfin á hreppsskrifstofunni. Ákærði tekur að vísu fram, að vegna aukinna verkefna hreppsins hafi eiginkonan einnig unnið að hluta sem starfsmaður hreppsins.

Ákærði mótmælir því, að hann geti talist hafa dregið sér alla þá fjárhæð, sem greinir í þessum kafla ákæru, enda hafi hann komið fram sem verktaki gagnvart hreppnum. Ákærði segist hafa leitað til söfnunarsjóðsins á eigin vegum og óskað eftir niðurfellingu á viðurlögnum, sem höfðu reiknast á iðgjaldsskuldina, en það hafi þó ekki náð fram að ganga. Ákærði leggur áherslu á það í sambandi við sundurliðun iðgjaldanna, að hann hafi verið verktaki fram í ágúst 1994.

Það athugast, að sem sveitarstjóra hvíldu á ákærða réttindi og skyldur starfsmannalaga og sveitarstjórnarlaga. Ekki er unnt að fallast á það, að hann hafi komið fram sem verktaki gagnvart Reykhólahreppi, þótt hann kynni að hafa samið svo um í upphafi. Á sama hátt verður að líta á eigin konu ákærða sem starfsmann Reykhólahrepps einvörðungu. Fyrir liggur, að ákærði tók undir sig þau lífeyrисиðgjöld, sem greinir í ákæru. Er honum gefin sök á fjárdrætti, að því er tekur til allra iðgjaldanna. Ekki er unnt að líta svo á, heldur verður hann aðeins sakfelldur fyrir fjárdrátt, að því er varðar iðgjald launagreiðandans, Reykhólahrepps, 612.303 kr. Að því er varðar hinn hlutann, iðgjöld ákærða sjálfs, 408.203 kr., ber að sýkna ákærða, enda er verknaðarlýsing í ákæru þannig gerð, að ekki koma til álita önnur lagaákvæði.

III. kafli ákæru.

A. Ákærði viðurkennir að hafa ekki haldið eftir af launum sínum staðgreiðslufé, eins og greinir í ákæru. Hann tekur þó sérstaklega fram í þessu sambandi, að ekki hafi vakað fyrir sér að skjóta neinu undan skatti né heldur að hagnýta sér féð. Hann hafi einungis ekki staðið skil á fénu, enda hafi hann talið það samviskusamlega fram. Ákærði hefur með þessu orðið sekur um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sbr. lög nr. 42/1995 og 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

B. Ákærði kannast við að hafa fært viðskiptareikning sinn hjá Reykhólahreppi með þeim hætti, sem segir í þessum ákærulið. Vill hann áréttta í sambandi við B-lið kaflans, að hann hafi ekki ætlað að hagnýta sér hin opinberu gjöld, heldur hafi hann ekki staðið skil á þeim. Ekki er unnt að líta svo á þessa færslu ákærða, að hún jafngildi því, að hann hafi dregið sér fé það, sem hún varðar, og ber að sýkna hann af þessum ákærulið, enda er verknaðarlýsing í honum þannig gerð, að ekki koma til álita önnur lagaákvæði.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu í máli þessu. Ákærði hefur að öllu leyti reynst samvinnufús við meðferð málsins og gert sér far um að bæta fyrir brot sín. Þá er þess sérstaklega að geta, að ekki er sýnt fram á, að hann hafi beinlínis ætlað sér að hagnast á kostnað Reykhólahrepps. Loks er þess að geta, að liðin eru tæp tvö ár, frá því að mál þetta kom upp. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Rétt er að fresta framkvæmd hennar og ákveða, að hún falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða 40.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 40.000 krónur í málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl. Úr ríkissjóði ber að greiða verjanda 20.000 krónur í máls-

varnarlaun. Annan sakarkostnað ber að dæma ákærða til þess að greiða að 2/3 hlutum, en ríkissjóð að 1/3 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjarni Pétur Magnússon, sæti fangelsi í átta mánuði. Frestað er framkvæmd refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði greiði 40.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 40.000 krónur í málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl. Úr ríkissjóði greiðist 20.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda. Annan sakarkostnað greiði ákærði að 2/3 hlutum, en ríkissjóður að 1/3 hluta.
